FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenska með áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti í víðu samhengi
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	Fjölbreytileiki
Skammstöfun:	ÍSLE1FÖ04
Þrep:	1
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Áhersla verður lögð á að byggja á fyrri hæfni nemanda í íslensku s.s. lestri, lesskilningi, málskilning, málfræði, ritun og þess háttar með grunnþáttinn fjölbreytileiki að leiðarljósi. Unnið verður m.a. með hugtökin: aldur, búseta, kyn, fjölskyldugerðir, kynhneigð, menning, trúarbrögð, lífsskoðanir, menntun, minnihlutahópar og litarháttur.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Jafnréttishugtakinu • Fjölbreytileika jafnréttis • Hugtakinu minnihlutahópur • Að allir hafa hæfileika og þroskamöguleika • Mikilvægi þess að eiga möguleika á því að velja
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Átta sig á fjölbreytileika samfélagsins og mismunandi menningarheimum • Að beita gagnrýnni hugsun • Virða eigin skoðanir og annarra • Taka þátt í umræðum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Skilja þá hugsun sem felst í hugtakinu jafnrétti • Taka þátt í lýðræðissamfélagi á virkan og ábyrgan hátt • Spyrja spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni • Átta sig á mikilvægi þess að hafa val • Láta skoðanir sínar í ljós
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.